



2023

Athugið flipann «*Greiðslur til garða*» í bókunarkerfinu. Þar eru sýndar allar greiðslur frá KGSÍ til kirkjugarða frá árinu 2018.

Upplýsingar um fjármál kirkjugarða.

a) **Umhirðugjald** (fermetrastærð grafarsvæða og fl. sjá neðar). **Umhirðugjald** er ekki áætlun heldur ákveðin krónutala sem greidd er á fermetra á grafarsvæðum. Þetta fermetragjald breytist samkvæmt þróun fjárlaga á milli ára. KGSÍ greiðir umhirðugjald mánaðarlega, þann 15. hvers mánaðar. Umhirðugjald er mismunandi hátt eftir flokkum enda eru mismunandi rekstrarþættir sem standa þar að baki. Í flokkum 1 – 3 er gjaldið nær eingöngu til að standa straum af gróður umhirðu en eftir því sem ofar dregur bætast fleiri rekstrarþættir inn, s.s. húsnæðiskostnaður, launagreiðslur, stjórnunarkostnaður o.fl. Orðið „*umhirðugjald*“ er að þessu leyti nokkuð villandi. Kannski væri „fastagjald“ nær lagi?

b) **Greftrunargjald** (grafartaka). **Greftrunargjald** er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt jarðsetninguna út í bókunarkerfi KGSÍ. Greitt er til kirkjugarða 15. hvers mánaðar þær jarðsetningar sem fram fóru í mánuðinum á undan.

Peir sem ekki hafa fengið aðgang að bókunarkerfinu hafi samband við Arnfinn R. Einarsson í síma 585-2721 eða Smára Sigurðsson í síma 462-2613.

Árið 2023

Brúttóframlag ríkisins til kirkjugarða landsins fyrir árið 2021 er **kr. 1.343.300.000**.

Í umhirðu eða fastan kostnað verður skipt á milli kirkjugarða rétt um þúsund miljónum, sem lætur nærri að verði til greiðslu sama upphæð á mánuði og var greitt á síðari hluta árs 2022. Einingaverð vegna grafartöku hækka lítilega vegna kistugrafa en lækkar vegna greftrunar duftkerja. Gert er ráð fyrir að greiða um 220 miljónir vegna greftrana á yfirstandandi ári. Ákveðið var að leggja til hliðar rúmar 13 m.kr. (sem varasjóð til að mæta óvæntum kostnaði) Einingaverð voru ákveðin á fundi kirkjugarðaráðs 2. febrúar 2023. Af ofangreindum upphæðum dregst síðan af 8% sem er framlagið til kirkjugarðasjóð.

2023		Skv. fjárheimildum fjárlaga	Kirkjugarðasjóður 8,0%	Til skipta
Umhirða	76,6%	1.028.103.179 kr.	-82.248.254 kr.	945.854.925 kr.
Grafir	16,4%	220.886.821 kr.	-17.670.946 kr.	203.215.875 kr.
Bálstofa	6,0%	80.580.000 kr.	-6.446.400 kr.	74.133.600 kr.
Bið	1,0%	13.430.000 kr.	-1.074.400 kr.	12.355.600 kr.
	100,0%	1.343.000.000 kr.	-107.440.000 kr.	1.235.560.000 kr.
Rádstöfunarfé Kirkjugarðasjóðs vegna 2023				107.440.000 kr.
				1.343.000.000 kr.

Greiðslur til kirkjugarða frá KGSÍ í janúar 2023.

Umhirðan var greidd skv. taxa 2022 í janúar og verður mismunur á einingaverði 2022 og 2023 greiddur 15. febrúar og mars verður greitt skv. taxa 2023 út árið. **Greftranir** (greitt eftirá) í des. voru greiddar 15. jan. á einingaverðum 2022. Greiðslur vegna greftrana í janúar 2023 verða greiddar á réttu einingaverði 15. febrúar og áfram út árið

Bálstofan fékk greitt skv. taxa 2022 vegna janúar og fær uppfært einingaverð 15 febrúar og út árið. Heildarframlag til bálstofu hækkar milli ára um 14 miljónir nettó.

Ársreikningar kirkjugarða. Gera skal grein fyrir tekjum og gjöldum á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert. Samkvæmt fyrirmælum frá Ríkisendurskoðun þurfa kirkjugarðar að gera grein fyrir brúttóupphæð sem reiknuð er á hvern kirkjugarð og er framlag ríkisins. Er hér átt við að í ársreikningi sé gerð grein fyrir því sem hver kirkjugarður fær í umhirðugjald + greftrunargjald + framlag til kirkjugarðasjóðs (8% af heild 2021). Þetta má sjá í «Greiðslur vegna garða» í bókunarkerfinu.

Hér fyrir neðan eru nógildandi einingaverð grafartöku.

Einingaverð vegna greftrana 2023

Umhirðuflokkur	Grafargjald	Áætlaður fjöldi	Áætluð greiðsla
Flokkur 1-4	96.435	269	25.941.015
Flokkur 5-10	81.488	1358	110.660.704
Duftker	55.281	1205	66.613.605
		2.832	203.215.324